

## FRÉTTIR LÍÐANDI MÁNAÐAR

### Sjóðir og styrkir - Covid 19

Í apríl fóru af stað hinir ýmsu sjóðir til að takast á við ástandið sem myndast hefur í kjölfar Covid 19. SSNE starfsfólk leggur sig fram við að koma þeim á framfæri og aðstoða við umsóknir og aðra umsýslu.

Fyrirtækjum er bent á að leita til SSNE vegna hverslags aðstoðar sem snýr að rekstri s.s. fjármögnun, markaðssetningu og þessháttar. Starfsfólk leggur sig fram um að þekkja þær leiðir sem í boði eru og aðra þjónustu stöðstofnana.

### Gönguleiðir



Markaðsstofa Norðurlands sendi fyrir stuttu erindi á allar sveitarstjórnir með beiðni um gönguleiðir sem hægt væri að merkja betur og safna í gagnagrunn til nota fyrir gönguleiðaapp sem verið er að þróa hjá MN. SSNE hvetur sveitarstjórnir til að taka þátt og nýta þann mannskap sem verður á lausu í sumar til að huga að gönguleiðum á sínu svæði. Fólk sem starfar allajafna t.d. við leiðsögn ætti að hafa þekkinguna og reynsluna svo að auðvelt sé að stika leiðir.



### Vefsíða og facebook - SSNE.is

Starfsfólk SSNE hefur verið að vinna í nýrri vefsíðu sem fer í loftið í fyrstu viku maí. Slóðin er ssne.is. Einnig er SSNE með virka facebook síðu og núna er yfirstandi kynning á starfsfólki meðal annars. Sveitarfélög eru hvött til að miðla síðunum á sínar vefsíður og fylgjast með þar.

### Aukaúthlutun Sóknaaráætlunar

Ríkissjóður veitti viðbótarfjármagn til sóknaaráætlana landsins, vegna áhrifa Covid-19 í mars. Starfsfólk SSNE setti upp aukaúthlutun og umsóknarfresti lauk 30. apríl síðastliðin. Mikil ásókn var í aukaúthlutunina og bárust um 100 umsóknir.

Aukaúthlutunin var sett upp í sama ferli og áhersluverkefni sóknaaráætlunar. Það eru stærri verkefni sem í þetta skiptið var ætlað að vera verkefni sem gætu komið til framkvæmda fljótt og krefðust mannskapar.

Áhersluverkefni eru samningsbundin verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaaráætlunar Norðurlands eystra og styðja við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Óskað var eftir umsóknum um atvinnuskapandi verkefni á sviði nýsköpunar-, atvinnuþróunar-, menningar- og umhverfismála. Auglýst var eftir nýjum umsóknum og fyrri umsækjendur einnig hvattir til að senda inn aftur.

Starfsfólk flokkar umsóknir og stjórn tekur ákvörðun um hvernig fjármunum verður úthlutað. Unnið verður hratt að úrvinnslu og stefnt er að úthluta í annarri vikunni í maí.



### SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS EYSTRÁ

## KYNNING Á VERKEFNUM

### LAMBAKJÖT FRÁ KÓPASKERI TIL KÍNA

#### Verkefnið "Stefnumótun Fjallalambs að Kínamarkaði" hlaut styrk úr Uppbyggingarsjóði Eypings

Árið 2019 hlaut fyrirtækið Fjallalamb styrk úr Uppbyggingarsjóði Eypings sem eyrnamerkur var stefnumótun fyrirtækisins á Kínamarkaði.

Í mars núna í ár fóru svo fyrstu tuttugu tonninn af íslensku lambakjöti úr Öxarfirðinum á markað í Kína. Að baki þeim tonnum lá mikil vinna og í samtali við framkvæmdastjóra Fjallalambs, Björn Víking, sagði hann að leiðarljósið hefði verið að finna markað sem framleiðendur vilja framleiða fyrir og byði nógu gott verð. Björn Víkingur segir ekki erfitt að komast á almenna markaðinn í Kína en verð á honum séu ekki nógu há. Aðal vinnan fólst í því að finna aðila í Kína sem hefði getuna til að markaðssetja og koma kjötinu inn á há klassa veitingastaði sem bjóða góða þjónustu og úrvals hráefni. Ef gott verð næst þá á að vera hægt að greiða framleiðendum hærra verð og þá eru þeir frekar tilbúnir til að auka framleiðsluna. Það tókst og afraksturinn af vinnunni byrjaður að sjást.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Fjallalamb sækir í erlenda markaði en heilmikil vinna hefur einnig farið í að skoða markað í Kanada og standa enn vonir til að hann gæti verið vænlegur. SSNE óskar Fjallalambi til hamingju með áfangann og vonar að þetta sé heillaskref í rekstri þess.



## LISTRÆNT NORÐURLAND

### Starfshópur um listnám á háskólastigi á Akureyri

Í mars sl. var sérstökum starfshópi falið að skoða mögulegar leiðir til að koma á listnámi á háskólastigi á Akureyri og undirbúa ráðstefnu um málið sem stefnt er að því að halda í haust.

Í hópnum er listafólk og fólk úr fræðasamfélaginu í bænum; Björg Eiríksdóttir, kennari við listnámsbraut VMA, Hlynur Hallsson, forstöðumaður Listasafnsins á Akureyri, Karólína Baldvinsdóttir, myndlistarmaður, Ragnar Hólm Ragnarsson, verkefnastjóri kynningarmála við Akureyrarstofu, ásamt Vigdís Rún Jónsdóttir, menningarfulltrúa hjá SSNE.

Á fyrsta fundi starfshópsins sem haldinn var í Rósenborg í byrjun mars voru mögulegar leiðir ræddar varðandi listnám á háskólastigi á Akureyri. Helstu hugmyndirnar sem komu fram á fundinum voru; samstarf Háskólans á Akureyri við Listaháskóla Íslands og stofnun listnámsdeildar við Háskólann á Akureyri í samstarfi við erlenda háskóla sem tengjast norðurslóðum.

## SVIÐSSTJÓRI ATVINNU- OG BYGGÐAÞRÓUNAR

### Laust starf hjá SSNE- staðsett á Húsavík

Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, SSNE, óska eftir að ráða drífandi einstakling í starf sviðsstjóra atvinnu- og byggðaþróunar í starfsstöð sína á Húsavík. SSNE hvetur aðildarsveitarfélög til að vekja athygli á starfinu. Umsóknafrestur er til og með 10. maí. Sjá frekari upplýsingar [hér](#).

#### Starfssvið

- Leiðir faglega vinnu á sviði atvinnu- og byggðaþróunar á Norðurlandi eystra.
- Tryggir samþættingu við aðra mikilvæga snertifleti s.s. nýsköpun og menningu.
- Stefnumótunarvinna, skipulagning og verkefnastýring.
- Þátttaka í kostnaðargreiningu verkefna.
- Samskipti og samstarf við hagaðila.
- Styður við samstarf hagaðila á svæðinu.
- Önnur verkefni í samráði við framkvæmdastjóra

Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra eru landshlutasamtök sveitarfélaga á svæðinu frá Fjallabyggð að vestan að Langesbyggð að austan, að báðum sveitarfélögum meðtöldum. Markmið með starfsemi félagsins er að efla Norðurland eystra sem eftirsótt svæði til búsetu og atvinnu. Félagið skal vera sterkur bakhjarl aðildarsveitarfélaga í sameiginlegum málum þeirra og stuðla að góðu mannlífi, lifandi menningarlífi og öflugri atvinnustarfsemi á starfssvæðinu.



## STEFNUMÓTUN SSNE

Á komandi vikum munu starfsmenn SSNE hella sér í heildarstefnumótun fyrir hin nýju samtök. Stefnumótunin mun taka mið af Samþykktum SSNE, Heimsmarkmiðum SP, Byggðaaætlun Byggðastofnunar og Sóknaráætlunar Norðurlands eystra. Henni er ætlað að gera starf samtakanna markvissara og samræma vinnubrögð. Í leiðinni verða vinnuferlar, gæðamál og gildi tekin fyrir og unnið með af öllum starfsmönnum. Helstu skref í stefnumótun verða kynnt fyrir aðildarsveitarfélögum.

## SAMTALIÐ

### Ágrip frá framkvæmdastjóra

Það er óhætt að segja að nóg hefur verið að gera hjá okkur síðasta mánuðinn. Samhliða daglegum verkefnum höfum við lagt áherslu á eiga samtal við aðila í atvinnulífinu og um leið safna upplýsingum um stöðu mála á svæðinu og gera þær upplýsingar aðgengilegar fyrir alþingismenn, sveitarstjórnarfolk og aðra hagaðila.


Markmiðið er að auðvelda þessum aðilum að leggja mat á stöðuna og þar með að auðvelda ákvarðanatöku sem ætlað er að styðja við sveitarfélög, atvinnu, menningar- og mannlíf í landshlutanum á þessum erfiðu tímum. Samantekt SSNE er „lífandi“ skjal sem uppfært verður reglulega og nýjar útgáfur sendar eftir því sem tilefni er til. SSNE hefur komið á vikulegum fundum með sveitarstjórum allra sveitarfélaga samtakanna og hafa þeir fundir verið mjög gagnlegir og upplýsandi fyrir alla sem að þeim koma og hafa leitt til mikillar umræðu um þær stóru áskoranir sem við stöndum frammi fyrir. Á þessa fundum höfum við fengið innlegg og umræðu frá Markaðsstofu Norðurlands og Bygðastofnun og munum halda áfram að fá inn á fundina aðila sem miðlað geta gagnlegum upplýsingum, veitt stuðning og meðtekið mikilvæg skilaboð frá aðilum í landshlutanum. SSNE ætlar að halda áfram með vikulega fundi á þessum vettvangi því augljóslega er mikil þörf fyrir upplýsingamiðlunina og samtalið um sameiginlegar áskoranir. Í kjölfar fundanna hefur SSNE unnið áfram með verkefni sem fram koma á fundunum og beint er til samtakanna. Samstarf og samskipti sem tengjast Covid 19 viðfangsefnum hafa mjög víða farið fram. Sem dæmi má nefna að 3. apríl tókum við þátt í góðum fundi með ráðherra sveitarstjórnarmála, Bygðastofnun og öðrum landshlutasamtökum. Á fundinum fóru landshlutasamtökin hvert um sig yfir stöðuna á sínu svæði og ræddu mest aðkallandi aðgerðir sem grípa þurfi til. Ráðherra fór yfir þau úrræði sem ríkisstjórnin var þá að kynna en lítill tími var fyrir umræður. Síðan þá er liðinn einn mánuður og staðan hefur mikið breyst á þeim tíma, er orðin skýrari þrátt fyrir að óvissan sé enn mjög mikil. 7. apríl héldu þingmenn kjördæmisins fund með SSNE og Markaðsstofu Norðurlands þar sem við fórum yfir stöðuna og ræddum nauðsynleg úrræði. Það var mjög gagnlegt fyrir þingmenn kjördæmisins að fá upplýsingar um stöðuna í landshlutanum, fá tækifæri til að spyrja spurninga og ræða málin. SSNE telur fullt tilefni til að endurtaka slíkan fund fljótlega.

En þá að öðru. Góð miðlun upplýsinga og virk samskipti skipta okkur öll miklu máli. Við höfum lagt áherslu á að vera virk á Facebook síðu SSNE: <https://www.facebook.com/SSNordurlandEystra> og hvetjum við ykkur öll til að heimsækja síðuna, líka við hana og deila efni af henni. Við munum í fyrstu viku maímánaðar opna nýja heimasíðu SSNE, ssne.is. Heimasíðan er búin að vera í undirbúningi og vinnslu og er að verða tilbúin til notkunar. Í fyrstu má búast við að ekki verði allar upplýsingar komnar inn en aðalvirgni síðunnar verður tilbúin. Við munum svo á næstu vikum ljúka við innsetningu efnis. Það er mikil tilhlökkun hjá okkur að fá heimasíðu fyrir SSNE, vettvang til að koma upplýsingum og fréttum á framfæri og eiga samskipti við hagaðila eins og best verður á kosið.

Með kærri kveðju inn í vorið  
Eyþór Björnsson

## FJARFUNDIR- ERU ÞEIR FRAMTÍÐIN?

Undanfarnar vikur hafa einkenst af fjarfundamenningu og hefur starfsfólk SSNE tekið mikinn þátt í henni. Starfsfólk á landsbyggðinni hefur komið sterkt inn í þá vinnu og greinilegt að ástandinu mun fylgja sú jákvæða hlið að fólk allsstaðar af landinu tileinkar sér þessa tækni og kolefnisspor mun minnka í framhaldinu. Reynsla og þekking þeirra sem halda fjarfundi hefur aukist hratt og áráði til að reyna nýja hluti hefur vaxið að sama skapi. Það eru spennandi tímar framundan og það verður skemmtilegt að taka virkan þátt í þeirri hröðu framþróun sem á sér stað, bæði í tækni og verklagi.



## COVID UPPLÝSINGASÍÐA

Starfsfólk SSNE tók saman upplýsingasíðu miðaða að atvinnurekendum varðandi úrræði ríkis, sveitarfélaga og annarra stofnana til að komast til móts við rekstrarvanda sem skapast getur vegna Covid. Markmiðið er ekki endurskrifa allt það efni sem til er á netinu heldur að vera veita inn á viðeigandi úrræði. Síðuna má finna [hér](#).